

Sögustundir á Byggðasafni Dalamanna

Laugardaginn 11. febrúar kl. 14-16 verður sögustundin tileinkuð lestrarátakinu **Allir lesa**. Öllum er velkomið að koma og hlusta eða taka þátt í lestrinum. Skiptir þá ekki öllu máli hvað verður fyrir valinu; barnabók, skáldsaga, ljóð, ævisaga, fræðirit, fornsögur, matreiðslubók, rollubókin, frumsamið efni eða eitthvað annað skemmtilegt.

Laugardaginn 25. febrúar kl. 15 mun Sigurður Þórólfsson í Innri-Fagradal segja frá mótekju og járnbrautum á Skarðsströnd.

Aðgangseyrir verður sem fyrr 500 kr fyrir fullorðna og frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Kaffi á könnunni.

Sælingsdalslaug til páska 2017

Opnunartímar í Sælingsdalslaug fram til páska verða á þriðjudögum kl. 15:30-19 (eldri borgarar kl. 15:30-17), miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18 og laugardögum kl. 14-18. Hálf tíma fyrir lokun lýkur sölu í sundlaugina.

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum eru auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna Laugum.

Silfurtún, dvalar-og hjúkrunarheimili

Dvalar-og hjúkrunarheimilið Silfurtún auglýsir eftir starfsfólki.

Silfurtún er lítið hjúkrunarheimili með 14 íbúum og leigjendum þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð. Við sköpum íbúum öryggi með félagslegum og heilsufarslegum stuðningi. Við veitum íbúum alla nauðsynlega hjúkrun, umönnun og læknishjálp og styðjum og styrkjum þá.

Óskað er eftir metnaðarfullum einstaklingum sem vilja leggja sitt að mörkum að gera starfið faglegt og gott með gæði og kærleika að leiðarljósi.

Skila þarf hreinu sakavottorði, prófskírteinum og starfsleyfum áður en starf er hafið og skuldbindur starfsfólk sig til að starfa í samræmi við hugmyndafræði og markmið Silfurtúns. Ennfremur er meðmæla krafist frá fyrri vinnuveitendum, og þarf starfsfólk að uppfylla kröfur sem gerðar eru til starfsins og kröfur sem Silfurtún gerir til starfsmanna sinna.

Upplýsingar gefur forstjóri Kristín Þórarinsdóttir í síma 430 4770.



DALAPÓSTURINN

2. tölublað, 10. árgangur
8. febrúar 2017

Svæðisskipulag - Samtakamátturinn virkjaður

Sveitarfélögin Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð hafa síðastliðið ár unnið saman að svæðisskipulagi. Nú liggur fyrir skýrsla þar sem gerð er grein fyrir forsendum á skipulagssvæðinu með tilliti til umhverfis og samfélags. Á grunni þeirra forsendna eru settar fram tillögur að viðfangsefnum, áherslum, framtíðarsýn og svæðismarki. Því síðan lýst hvernig staðið verður að frekari stefnumótun og umhverfismati stefnunnar.

Skýrslan er til kynningar á skrifstofum og vefsíðum sveitarfélaganna og á vefnum www.samtakamattur.is. Leitað er eftir ábendingum um efni hennar og þær má senda og stíla þannig: *Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, b.t. formanns - Ingibjargar Emilsdóttur, skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hólmavík*. Einnig má senda ábendingar með tölvupósti til ingaemils@strandabyggd.is (með afriti á matthildur@alta.is). Óskað er eftir að þær berist fyrir 24. febrúar 2017.

Þessi auglýsing er birt með vísun í 23. grein skipulagslaga og 6. grein laga um umhverfismat áætlaða.

Rekstur tjaldsvæðis í Búðardal

Dalabyggð auglýsir eftir aðilum sem kunna að hafa áhuga á að taka að sér rekstur tjaldsvæðis í Búðardal.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar eða með tölvupósti á netfangi@dalir.is

Fasteignagjöld 2017

Álagning

Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt á þjónustusíðu opinberra aðila, www.island.is. Íbúar 67 ára og eldri fá seðlana senda í pósti og einnig þeir sem þess óska sérstaklega.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá á skrifstofu Dalabyggðar kl. 10-14, í síma 430 4700 kl. 9-13 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið dalir@dalir.is.

Álagður fasteignaskattur er

- 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna.
- 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

- íbúðarhúsnæðis er 1,70% af fasteignamati lóðar.
- atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur ellilífeyrisþega og öryrkja

Ellilífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 og reglur Dalabyggðar.

Afslátturinn er tekjutengdur (skattframtal 2016, tekjur 2015).

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar		Hjón / sambýlisfólk	
Tekjur kr.	Afsláttur	Tekjur kr.	Afsláttur
Allt að 2.623.000	100%	Allt að 4.328.000	100%
Allt að 2.885.300	75%	Allt að 4.761.000	75%
Allt að 3.147.600	50%	Allt að 5.194.000	50%
Allt að 3.409.900	25%	Allt að 5.626.000	25%

Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Gjaldendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Fjöldi gjalddaga er almennt 6. Fyrsti gjalddaginn er 5. febrúar og sá síðasti 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi, 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Veittur er **3% staðgreiðsluafsláttur** séu öll gjöld greidd fyrir **15. febrúar**. Hámarksafsláttur er **30.000 kr.**

Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankarreikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700 kl. 9-13. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið ingibjorgjo@dalir.is.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Lögreglustjórinn á Vesturlandi auglýsir eftir tveimur héraðslögreglumönnum í Dalabyggð. Æskileg búseta umsækjenda er í Búðardal eða næsta nágrenni.

Um hæfisskilyrði og hlutverk héraðslögreglumanna má lesa í reglugerð nr. 283/1997.

Ráðningarkjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna.

Umsóknnum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á logreglan.is

Umsóknnum skal skilað til lögreglustjórans á Vesturlandi, Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnes eða senda á netfangið vesturland@logreglan.is.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2017.

Nánari upplýsingar veitir Jón S. Ólason – netfang 8404@logreglan.is eða í síma 444 0300.